

Nr. 21/1893:

Sigríður Guttormsdóttir
gegn
Arnljóti presti Ólafssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Þingeyjarsýslu 21. apríl f. á. var prófastsekkjan Sigríður Guttormsdóttir dæmd til að greiða prestinum Arnljóti Ólafssyni 1043 kr. 4 a. ásamt 5% vöxtum frá sáttakærudegi 4. marz 1892. Málskostnaður var látinn falla niður, og áttu málspartar að öðru leyti að vera lausir við kröfur hvor annars í aðalmáli og gagnsóknarmáli.

Dómi þessum hefur nú frá Sigríður Guttormsdóttir áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 31. maí f. á. og krafizt, að sjera Arnljótur Ólafsson verði samkvæmt gagnsóknarkröfum hennar fyrir undirrjetti skyldaður til að greiða sjer 1500 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 1. júlí 1892 til borgunardags sem andvirði þess dúns, er varpið á prestssetrinu Sauðanesi gaf af sjer vorið til fardaga 1890, en til vara, að hann greiði andvirði dúnsins eptir óvilhallra manna mati ásamt vöxtum, sem fyr segir, samt auk þessa málskostnað bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi eptir rjettarins mati.

Hinn stefndi þar á móti hefur gagnáfrýjað dómi þessum með stefnu dags. 21. okt. f. á. og krafizt, að aðaláfrýjandinn greiði sjer 1258 kr. 4 a. með vöxtum 5% frá sáttakærudegi og málskostnað fyrir báðum rjettum.

Aðdragandi máls þessa er sá, að Vigfús prófastur Sigurðsson að Sauðanesi andaðist þar 7. jan. 1889, og var svo Arnljóti presti Ólafssyni veitt brauðið 26. sept. s. á. frá fardögum næst þar á undan. Þar hann eigi

gat komið til brauðsins í fardögum 1889, byggði prófastur ekkja Vigfúsar prófasts, Sigríði Guttormsdóttur, Sauðanesið hálf með öllum hlunnindum fardagaárið 1889—90 gegn 1686 kr. 74 a. eptirgjaldi, en á hinum helmingi staðarins hafði hún ábúð eptirgjaldslaust, sem prestsekkja samkvæmt tilsk. 6. jan. 1847, 4. gr. Eigi var byggingarbrjef gefið út fyrir hálfllendunni með hlunnindum, en prófastur hefur eptir á vottað, að hann hafi leigt varpið og að hann hafi heimilað ábúandanum venjuleg not varpsins til loka fardagaársins. Aðaláfrýjandi hefur nú áltíð, að sjer hafi samkvæmt þessu borið dúntekja til síðasta fardags 1890. Gagnáfrýjandi þar á móti telur, að sjer samkvæmt 11. gr. laga 12. jan. 1884 hafi borið öll dúntekjan fardagaárið 1889—90. Ljet hann því og umboðsmann sinn banna aðaláfrýjanda að taka dún úr Sauðanesvarpi um vorið 1890, og gjörði umboðsmaður það, og bað hana jafnframt að hirða varpið vel og vandlega fyrir sjera Arnljót, til fardaga 1890. Aðaláfrýjandi tók bann þetta til greina að geymdum löglegum rjetti sínum, og lofaði að hirða varpið eptir fyrirsögn sjera Arnljóts og var ekki tekið nema köld egg og fokdunn, er skilað var öllum. Þareð aðaláfrýjanda þykir að sjer hafi verið varnað dúntökunnar, krefst hann 1500 kr. skaðabóta eða eptir óvilhallra manna mati.

Það liggur nú að vísu næst að álíta samkvæmt yfirlýsingu prófasts, að aðaláfrýjanda hafi með byggingu hans, sem löglegs umráðanda prestssetursins Sauðaness með hlunnindum fardagaárið 1889—90, sbr. tilsk. ²⁴/₇ 1789, 7. gr., verið heimiluð afnot af varphlunnindunum til fardagaloka 1890, þannig að hún mætti til þess tíma taka dún og egg úr varpinu, eins og viðgengizt hafði

þar (í Saudanesi) fyrirfarandi ár, og að hún hafi með því að hlýðnast banni gagnáfrýjanda látið óhirt töluvert af dún, sem venja hafði verið á Saudanesi að taka úr hreiðrunum fyrir fardagana, en samt sem áður virðist eigi unnt að byggja á utanrjettarbanni gagnáfrýjanda einu, sem aðaláfrýjandi eigi þurfti að hlýðnast fremur en hverri annari yfirlýsingu frá hans hendi, um skoðun hans á rjettindum sínum, neina skyldu fyrir hann til að bæta henni það tjón, er hún kann að hafa bakað sjer með því að fara að banni hans, nema því að eins að unnt væri að miða bæturnar eða uppbótina til hennar við áreiðanlega ákveðinn ábata, sem gagnáfrýjandi hefði haft af aðferð hennar, en kröfur aðaláfrýjanda stefna eigi í þessa átt, enda mundi það naumast mögulegt úr því sem komið er.

Samkvæmt þessu verða eigi teknar til greina kröfur aðaláfrýjandans um skaðabætur 1500 kr. eða þá eptir óvilhallra manna mati.

Gagnáfrýjandinn hefur krafizt, að sjer auk þeirra 1043 kr. 4 a., er undirrjettardómurinn hefur ákveðið, verði tildæmdar 215 kr. samtals 1258 kr. 4 a. Þessar 215 kr. koma þannig fram, að hann frá hinum náðarárskyldu tekjum brauðsins vill draga kostnað við þjónustu í brauðinu 120 kr., vexti og afborgun á láni prestskallsins 240 kr. og árgjald, er hvílir á því, 500 kr.

Eptir því hvernig ákvæðin um náðarárstekjur ekkjunnar í 5. gr. í tilsk. $\frac{6}{1}$ 1847 eru orðuð, virðist þó eigi verða fallizt á þessar kröfur gagnáfrýjanda. Að því er borgunina fyrir þjónustu brauðsins í fjærveru gagnáfrýjanda snertir, leiðir þetta þegar af því, að prestsþjónustan er ekkjunni alveg óviðkomandi, og að því hin- ar tvær upphæðirnar snertir, þá er engin lagaheimild

til, að þær komi þeim ákveðna hluta af tekjum brauðsins, er prestsekkjan fær náðarárshluta sinn reiknaðan af, til nokkurrar rýrnunar. Og þó að í lögum um skipun prestakalla, 27. febr. 1880, 3. gr., segi svo, að árgjöld af brauðum skuli sem mest greiða með fasteignum eða afgangi fasteigna, sem er einn af gjaldstofnum náðarargjaldsins, þá er þar með að eins átt við, hvernig hagkvæmast verði fyrir komið árgjaldsgreiðslunni frá einu prestakalli til annars, en það virðist þar á móti allsendis heimildarlaust að skilja orðin svo, að árgjaldið ætti að liggja á þeim ákveðna gjaldstofni, fremur en á öðrum tekjum kallsins.

Í fyrsta sóknarskjali sínu fyrir undirrjetti taldi gagnáfrýjandi tekjur prestakallsins til útreiknings á náðarargjaldinu:

1. tekjur af sókn og kirkjujörðum . . .	kr. 732,37
2. eptirgjald af $\frac{1}{2}$ Saudanesi 1686 kr. 74	
a. að frádrögnum 240 kr., er ekkjan	
hafði borgað fyrir hann	— 1446,74
	<u>— 2179,11</u>

og dró þar frá árgjaldið 1889–90 500 kr., fyrir þjónustu á brauðinu 120 kr., aukatekjur og offur 82 kr. 38 a. 702,38
 reiknaði svo ekkjunni $\frac{1}{4}$ af — 1476,73
 í náðarárshluta með 369 kr. 18 a., og með því ekkjan hafði tekið við 180 kr. 48 a., voru eptir í hennar hluta 188 kr. 70 a., sem dregnar frá ofantjedum 1446 kr. 74 a. skilja eptir þær 1258 kr. 4 a., er hann heimti sjer dæmdar.

Við sókn og gagnsókn í hjeraði var alls eigi ágreiningur um, hvernig náðarárstekjurnar eru reiknaðar, en í gagnáfrýjun sinni hefur gagnáfrýjandi farið því fram,

að hann af misskilningi sínum á 5. gr. tilsk. 6. jan. 1847 hafi reiknað áfrýjandanum náðarárstekjur af meiri upphæð en lög standi til, þar hann með gjaldstofnunum hafi talið eptirgjaldið af hálfum staðnum með hlunnindum. Ekkjunnni hafi því verið reiknað hærra náðarársgjald en henni beri, og svo verði að álíta, að hann því að eins hafi talið fram afgangið af staðnum, að þá væri einnig dregið frá það hann áskildi, sem sje árgjaldið, þjónusta brauðsins og vextir og afborgun af láninu. Sjer beri því þær umræddu 1258 kr. 4 a. einnig af þessari ástæðu.

I rjettarskjölunum kemur alls eigi fram, að gagnáfrýjandi hafi sett slíkt skilyrði þannig, að meðtalinng afgangið staðarins skyldi falla burtu svo frammarlega sem hinn heimtaði frádráttur eigi væri talinn lögmatúr. Þar þessu eigi hefur verið hreift sem málsástæðu fyrir undirrjetti, heldur matið sjálft á hinum náðarársskyldu tekjustofnum skoðað sem atriði, er báðir málspartar ekkert hefðu að athuga við, virðist eigi næg ástæða til, að taka til greina þær kröfur, er gagnáfrýjandi vill gjöra út af misskilningi sínum og sem fyrst nú við áfrýjun málsins koma fram.

Af hinum framantöldu ástæðum ber hinn áfrýjandi aukarjettardómur að vera óraskaður, en málskostnaður hjer við rjettinn falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjanda dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna, frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.